

Greiðsluafkoma ríkissjóðs janúar – maí 2006

Greiðsluuppgjör ríkissjóðs fyrir janúar til maí 2006 liggur nú fyrir. Samkvæmt uppgjörinu eykst handbært fé frá rekstri um 28,3 milljarða króna innan ársins, sem er 16,7 milljörðum hagstæðari útkoma heldur en á sama tíma í fyrra. Þá er útkoman 21,5 milljörðum hagstæðari en gert var ráð fyrir í áætlun fjárlaga. Tekjur reyndust um 18,5 milljörðum hærri en í fyrra á meðan að gjöldin lækka um 0,4 milljarða. Hreinn lánsfjárfjöfnuður er jákvæður um 25,9 milljarða króna sem er 7,8 milljörðum betra en á sama tíma í fyrra.

Sjóðstreymi ríkissjóðs janúar – maí 2006 (Í milljónum króna)

	2002	2003	2004	2005	2006
Innheimtar tekjur	91.868	108.695	109.190	136.556	155.065
Greidd gjöld	100.746	106.315	113.248	126.546	126.171
Tekjujöfnuður	-8.878	2.380	-4.057	10.009	28.894
Söluhagn. af hlutabr. og eignahl.	-	-12.059	-	-	-
Breyting rekstartengdra eigna og skulda	-1.462	173	1.110	1.557	-613
Handbært fé frá rekstri	-10.340	-9.506	-2.947	11.566	28.281
Fjármunahreyfingar	2.173	16.858	3.428	6.537	-2.428
Hreinn lánsfjárfjöfnuður	-8.167	7.352	481	18.102	25.853
Afborganir lána	-18.348	-17.929	-28.389	-29.994	-38.104
Innanlands	-8.207	-5.521	-3.389	-13.770	-15.231
Erlendis	-10.141	-12.408	-25.000	-16.224	-22.873
Greiðslur til LSR og LH	-3.750	-3.125	-3.125	-1.550	-1.650
Lánsfjárfjöfnuður. brúttó	-30.265	-13.702	-31.033	-13.442	-13.901
Lántökur	28.324	16.540	40.861	9.273	11.010
Innanlands	9.035	15.160	17.318	4.005	2.910
Erlendis	19.289	1.380	23.544	5.268	8.100
Greiðsluafkoma ríkissjóðs	-1.941	2.838	9.828	-4.168	-2.890

Heildartekjur ríkissjóðs námu 155 ma.kr. á fyrstu fimm mánuðum þessa árs sem er tæpum 19 ma.kr meiri innheimta en á sama tíma í fyrra, eða 13,6% aukning. Ef tekið er tillit til tilfærslu milli mánaða vegna tekjuskatts lögaðila nemur hækkunin liðlega 11%. Skatttekjur og tryggingagjöld jukust meira eða um tæp 18% að nafnvirði. Á sama tíma hækkaði almennt verðlag um 5,2% og raunaukning skatttekna og tryggingagjalda var því tæp 12%. Arðgreiðslur vegna Landsímans á þessu tímabili í fyrra skýra 42% samdrátt annarra rekstartekna milli ára.

Skattar á tekjur og hagnað námu 56 ma.kr. og jukust um 14 ma.kr. frá síðasta ári, eða 32%. Þar af jókst tekjuskattur einstaklinga um 11% og lögaðila um 76% (þá er leiðrétt fyrir fyrrgreindri tilfærslu) og fjármagnstekjuskattur um 43%. Innheimt tryggingagjöld jukust um 15% milli ára en launavísitala Hagstofunnar hækkaði um 8,5% á sama tímabili. Innheimta eignarskatta nam 4,7 ma.kr. sem er 25% minna en á sama tímabili í fyrra. Þar af námu stimpilgjöld 3,5 ma.kr. en innheimta þeirra hefur dregist saman um 15% frá fyrra ári, meðal annars vegna þess að dregið hefur úr skuldbreytingu lána.

Almennir veltuskattar hafa hækkað um rúm 17% frá fyrra ári, eða 11,5% umfram hækkun vísitölu neysluverðs. Tekjur af virðisaukaskatti hafa aukist um 18% sem jafngildir 12% raunaukningu. Vegna lagabreytingar sem felur í sér rýmri greiðslufrest á virðisaukaskatti og aðflutningsgjöldum fer marktækni samanburðar við fyrra ár eftir því hvaða tímabil innan ársins er til skoðunar en sé litið á hreyfanlegt meðaltal nokkurra mánaða kemur fram að hægt hefur á raunvexti tekna af sköttum sem lagðir eru á vöru og þjónustu. Af einstökum liðum hafa vörugjöld af ökutækjum aukist mest en þau skiluðu 25% meiri tekjum en á sama tíma í fyrra.

Greidd gjöld nema 126,2 milljörðum króna og lækka um 0,4 milljarða milli ára, eða um 0,3%. Vaxtagreiðslur lækka um 7,7 milljarða, einkum vegna þess að stór flokkur spariskírteina var á innlausn í apríl í fyrra. Að vöxtum undanskildum hækka heildargjöldin um 7,3 milljarða eða um 6,5%. Mestu munar um 1,9 milljarða hækkun heilbrigðismála og 1,8 milljarða hjá almannatrygginga- og velferðarmálum. Þá hækka greiðslur til menntamála um 1,4 milljarða. Samtals vega þessir þrír málaflokkar tæplega ⅓ af heildargjöldum ríkissjóðs fyrir utan vexti. Greiðslur til

löggæslu hækka um 0,7 milljarða og greiðslur til menningarmála um 0,6 milljarða. Greiðslur til efnahags- og atvinnumála standa í stað milli ára.

Lántökur ársins nema aðeins 11 milljörðum króna þrátt fyrir 38,1 milljarðs afborganir lána. Mismunurinn er fjármagnaður með handbæru fé frá rekstri.

Eiginfjárframlag ríkisins í Nýsköpunarsjóði var aukið um 1 milljarð króna á árinu og 1,7 milljarðar voru greiddir til Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins í því skyni að lækka framtíðarskuldbindingar ríkissjóðs.

Tekjur ríkissjóðs janúar–maí 2006

	Í milljónum króna			Breyting frá fyrra ári, %		
	2004	2005	2006	2004	2005	2006
Skatttekjur og tryggingagjöld	101.481	121.223	145.768	15,4	19,5	20,2
Skattar á tekjur og hagnað	35.893	42.189	55.847	17,3	17,5	32,4
Tekjuskattur einstaklinga	25.873	28.494	31.711	10,7	10,1	11,3
Tekjuskattur lögaðila	3.721	3.963	10.214	169,0	6,5	157,7
Skattur á fjármagnstekjur	6.298	9.732	13.922	7,5	54,5	43,1
Eignarskattar	3.942	6.276	4.740	15,6	59,2	-24,5
Skattar á vöru og þjónustu	49.399	58.435	68.517	14,1	18,3	17,3
Virðisaukaskattur	33.100	39.683	46.799	16,1	19,9	17,9
Vörugjöld af ökutækjum	2.297	4.017	5.009	44,6	74,9	24,7
Vörugjöld af bensíni	3.333	3.514	3.471	14,7	5,4	-1,2
Skattar á olíu	2.186	2.535	2.489	15,1	16,0	-1,8
Áfengisgjald og tóbaksgjald	3.841	4.106	4.242	2,1	6,9	3,3
Aðrir skattar á vöru og þjónustu	4.643	4.580	6.506	0,1	-1,3	42,1
Tollar og aðflutningsgjöld	1.140	1.233	1.567	12,0	8,1	27,1
Aðrir skattar	217	273	315	.	26,0	15,0
Tryggingagjöld	10.890	12.817	14.782	14,1	17,7	15,3
Fjárframlög	166	209	268	-42,5	26,0	28,3
Aðrar rekstrartekjur	7.541	15.053	8.742	-9,7	99,6	-41,9
Sala eigna	2	70	287	-	-	-
Tekjur alls	109.190	136.555	155.065	0,5	25,1	13,6

Gjöld ríkissjóðs janúar–maí 2006

	Í milljónum króna			Breyting frá fyrra ári, %	
	2004	2005	2006	2005	2006
Almenn opinber þjónusta	10.527	28.501	21.771	170,7	-23,6
Þar af vaxtagreiðslur	8.406	14.066	6.389	67,3	-54,6
Heilbrigðismál	17.146	32.614	34.526	90,2	5,9
Almannatryggingar og velferðarmál	15.084	27.193	29.011	80,3	6,7
Efnahags- og atvinnumál	8.535	15.366	15.329	80,0	-0,2
Menntamál	7.446	12.565	13.946	68,8	11,0
Menningar-, íþrótt- og trúmál	3.271	5.331	5.893	63,0	10,5
Löggæsla, réttargæsla og öryggismál	2.141	3.625	4.324	69,3	19,3
Umhverfisvernd	842	1.183	1.187	40,5	0,4
Húsnæðis- skipulags- og veitumál	48	169	183	253,7	8,4
Gjöld alls	65.039	126.546	126.171	94,6	-0,3